

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

3. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 6. desember 2022, kl. 17 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



**BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA**

1. **Starfsemin um þessar mundir.** Safnverðirnir Linda Ásdísardóttir og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir sátu fundinn undir þessum lið. Faglegir starfsmenn safnsins greindu frá starfseminni undanfarna mánuði. Aðsókn hefur verið góð að safninu á árinu. Listasýningunni Hafsjó lauk í septemberlok og tók þá við frágangur sýningarinnar. Viðburðir voru í október og fjölsóttast var opið hús í Búðarstíg 22 þann 23. október. Opna húsið krafðist undirbúnings eins og rækilegrar tiltektar í grófmunasal og víðar. Um þessar mundir er jóladagskrá í Húsinu og Kirkjubæ. Er hún vel sótt enda nýtur dagskráin samverkandi stuðnings jólatorgs Árborgar, Rauða-hússins og Laugabúðar sem opin eru á sama tíma. Linda vinnur að ljósmyndun safnmuna fyrir gagnagrunninn Sarp og Ragnhildur sinnir uppbyggingu fræðslustarfs við safnið og verða þau að þessum verkefnum fram á næsta ár. Safnstjóri er að hefja vinnu með Lilju Árnadóttur um mótun varðveislustefnu fyrir safnið og koma aðrir faglegir starfsmenn að því. Sótt hefur verið um í ýmsa sjóði vegna verkefna, umsóknirnar eru flestar í ferli en jákvæður árangur varð að umsóknum í Sóknaráætlun Suðurlands. Sótt verður um styrki til verkefna í fleiri sjóði. Verið er að gera nýja heimasíðu fyrir safnið og einnig nýjan kynningarbækling sem verður á ensku. Að lokum var rætt almennt um safnastarfið og leiðir til eflingar og þróun þess til framtíðar. Stjórn safnsins lýsir ánægju sinni yfir flottri dagskrá og kraftmiklu starfi. Ljóst er að með tilkomu þriðja faglega starfsmannsins hefur starfsemi safnsins eflst. Gaman verður að fylgjast með starfinu vaxa enn frekar á næstu árum.

2. **Starfslýsing safnstjóra.** Starfslýsingin hefur verið uppfærð í samræmi við verkefni safnstjóra í dag.

3. **Rekstur safnsins 1.1.-31.10. 2022.** Safnstjóri lagði fram yfirlit um rekstur safnsins fyrstu 10 mánuði ársins ásamt útkomuspá fyrir allt árið. Spáð er rekstrarafgangi og staða reiknings safnsins stórum betri en fyrir ári síðan. Safnið hefur fengið greitt lokaframlag ríkisins vegna stofnframkvæmda við Búðarstíg 22 og endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu við framkvæmdir húseigna sinna. En ýmsu hefur verið frestað og það skýrir betri rekstur. Ekki verður komist hjá því að fara í viðhald á Húsinu og Assistentahúsinu á næsta ári og fjárhagurinn verður í járnum út næsta ár auk þess sem ekkert er vitað um niðurstöður kjarasamninga.

4. **Næsti fundur stjórnar.** Næsti fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðard.  
Þórhildur Ingvadóttir  
Árni Eiríksson  
Lýður Pálsson